



# Áveitan

3. tbl. 10. árgangur. Mars 2016

## **Páskabingó Umf. Þjótanda**

Þriðjudaginn 22. mars verður páskabingó Umf. Þjótanda haldið í Þingborg og hefst kl 20:00. Spjaldið verður selt á 500 kr og sjoppa 10. bekkjar Flóaskóla verður á staðnum. Mörg glæsileg og bragðgóð páskaegg í boði fyrir heppna einstaklinga!

Skemmtinefndin

## **Páskaeggjaskákmót**

Páskaeggjaskákmót Umf. Þjótanda 2016 verður haldið laugardaginn 19. mars í Þjórsárveri kl.10-13. Umhugsunartími verður 15 mín.

Mótið er ætlað bæði börnum og fullorðnum - allir munu tefla í einum hóp eftir Svissnesku kerfi - en haldið verður utanum úrslit í þrem flokkum:

- 10 ára og yngri
- 11 - 15 ára
- 16 ára og eldri (og þar með taldir fullorðnir)

Allir krakkar á grunnskólaaldri fá lítið páskaegg í þátttökuverðlaun - en svo verða veitt stærri egg fyrir verðlaunasæti í hverjum flokk. Skráning er á staðnum.

Nánari upplýsingar á <http://floaskak.blog.is> og í netfanginu [agust@agust.org](mailto:agust@agust.org)

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Starfsmenn á skrifstofu Flóahrepps hafa nú lokið **álagningu fasteignagjalda**. Álagningaseðlar hafa verið sendir út og kröfur vegna fyrsta gjalddaga verið stofnaðar í heimabönkum gjaldenda. Greiðsluseðlar eru ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað. Er þeim sem vilja fá þá senda, bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 á opnunartíma, milli klukkan 9:00 og 13:00 eða senda tölvupóst á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

Bókari, sveitarstjóri og endurskoðendur vinna að gerð **Ársreiknings Flóahrepps** fyrir árið 2015. Skil ársreiknings eru áætluð á aprílfundi sveitartjórnar.

Stjórnsýsluendurskoðun þar sem farið er yfir bókanir sveitarstjórnar, gjaldskrár og birtingu upplýsinga sem tengjast rekstri sveitarfélagsins á heimasíðu er lokið.

Markvisst er farið í gegnum gögn til þess að tryggja sem best að upplýsingar á heimasíðu og ársreikningurinn gefi sem réttasta mynd af rekstri og stöðu sveitarfélagsins á hverjum tíma.

**Umhverfisátak** Flóahrepps stendur enn yfir og góð vísa aldrei of oft kveðin.

Rétt er að hafa í huga að með síauknum ferðamannastraumi til landsins þá eykst jafnóðum fjöldi þeirra 80 % gesta sem heimsækja Suðurland. Í sveitarfélaginu starfa nokkrir ferðaþjónustubændur sem stöðugt fá nýja og nýja gesti í heimsókn. Það er sagt að gests augað sé glöggt og mikið til í því. Umsagnir gestanna gegna mikilvægu hlutverki í allri markaðssetningu. Þær eru vitnisburður sem aðrir sem ætla að ferðast skoða gjarnan þegar áfangastaðir eru valdir. Flóahreppur gegnir mjög mikilvægu hlutverki sem „hliðið“ sem allir gestirnir á leið lengra austur eða norður, fara í gegnum. Ásýnd og umgengni bera vott um þá virðingu við sýnum umhverfinu of okkur sjálfum. Öll umgengni skiptir því mjög miklu máli við alla markaðssetningu, hvort heldur sem er fyrir ferðaþjónustubændur eða aðra sem framleiða matvælin sem borin eru á borð fyrir gestina okkar. Fjölgun ferðamanna hefur haft áhrif á afkomu margra þjónustu fyrirtæka og með einhverjum hætti aukið viðskipti og umfang starfseminnar. Ábyrgð okkar er því mikil. *Stöndum saman um að hafa ásýnd Flóahrepps alltaf sem besta.*

Meðfylgjandi bæklingi umhverfisáttaksins fylgir sorphirðudagatal ársins 2016. Ég vek athygli ykkar á að í áður sendu dagatal voru villur sem hafa nú verið leiðréttar. **Leiðrétt dagatal** er einnig að finna á heimasíðu sveitarfélagsins, floahreppur.is.

Afréttarmálaafélag Flóamannaafréttar hefur unnið að gerð **landbótaáætlunar** í samráði við Landgræðslu ríkisins og í samvinnu við afréttamálaafélög í nágrennasveitarfélögunum. Landbótaáætlunin er til kynningar á skrifstofu Flóahrepps en verður svo tekin til afgreiðslu á aðalfundi Afréttarmálaafélagsins.

Páskarnir eru í mars þetta árið, starfsmenn skrifstofu Flóahrepps senda ykkur ykkur **bestu óskir um gleðilegra páska.**

Eydis Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

## Fjör í Flóa 2016

### FLÓI GOT TALENT – Smádýr óskast

Dagana 27. til 29. maí verður haldin í Flóahreppi sveitarhátíðin Fjör í Flóa. Dagskrá hátíðarinnar er í mótun á vettvangi rekstrarstjórnar félagsheimilanna. Rekstrarstjórn óskar sérstaklega eftir smádýrum og öðrum skepnum til að hafa til sýnis á hátíðinni s.s. hvolpum, ketlingum og fleiru.

Stefnt að því að endurtaka leikinn og halda hæfileikakeppnina Flói got talent í annað skipti á kvöldvöku Fjörs í Flóa. Atriði mega vera 3-4 mínútna löng og geta sveitungar annað hvort keppt einir eða sem lið. Öllum íbúum er heimil þátttaka og er skráning hjá Stefáni Geirssyni í netfanginu [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com)

Eins eru þeir sem eru áhugasamir um að vera með viðburð, opið hús, sölubás, sýningar eða vilja koma á framfæri hugmyndum að dagskrárlíðum eru beðnir um að setja sig í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar í síma 691-7082 eða Stefán Geirsson formann rekstrarstjórnar netfang [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com).

Rekstarstjórn

## **Frá Umf. Þjótanda:**

### **Aðalfundur**

Aðalfundur Umf. Þjótanda verður haldinn sunnudagskvöldið 6. mars í Þingborg. Fundurinn hefst kl 20:30.

Fundurinn verður ekki alveg með hefðbundnu aðalfundarsniði þar sem félagið var stofnað svo seint á síðasta ári. Fundurinn verður þess vegna að mestu nýttur til þess að ræða starfið framundan og gefa almennum félögum kost á að koma með hugmyndir til þess að móta og efla starfið. Þeir sem hafa áhuga á því að ganga í félagið eru sérstaklega boðnir velkomnir og við minnum á að 12 ára og eldri hafa kosningarétt og kjörgengi á fundinum.

Stjórnin

Dagskrá fundarins:

Setning og kosning starfsmanna fundarins

Inntaka nýrra félaga

Skýrsla stjórnar

Umræða um skýrslu

Lagðar fram tillögur

Fundarhlé

Atkvæðagreiðsla um tillögur

Kosningar

Önnur mál

Fundarslit

### **Þjótandabolir og búningar**

Umf. Þjótandi er búið að panta nýja stuttermaboli merкта féluginu sem verða til sölu á páskaþingóí félagsins. Bolirnir verða fánlegir í barna og fullorðinsstærðum. Verð er ekki ljóst ennþá en verður auglýst á facebook síðu félagsins þegar nær dregur. Á páskaþingóinu verða einnig kynntir nýir félagsbúningar sem fólki gefst kostur á að máta og panta sér að þingóí loknu.

**Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?**

**Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Belfor.**

**Allar uppl í s: 8203565 og [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)**

**Ragnar Sigurjónsson**

**Sleifin**  
**kvöldvaka kvenfélaganna í Flóahreppi 7. apríl.**

Kvenfélag Villingaholtshrepps býður kvenfélagskonum í Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps og Kvenfélagi Hraungerðishrepps ásamt gestum á kvöldskemmtun í Þjórsárverri, **fimmtudagskvöldið 7. apríl kl. 20.30.** Fyrirlestur og kaffiveitingar. Við hlökkum til að sjá ykkur og eiga góða stund með ykkur kæru vinkonur.

Sólveig Þórðardóttir,  
formaður Kvenfélags Villingaholtshrepps

**Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:**

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn í Félagslundi fimmtudagskvöldið 10.mars n.k.klukkan 20.30.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf, kosningar, lagabreytingar og önnur mál.

Mætum nú vel og alltaf er pláss fyrir nýjar konur í þennan góða félagsskap.

Bestu kveðjur, stjórnin

**Aðalfundur Nautgripæræktarfélags Flóamanna**

Aðalfundur Nautgripæræktarfélags Flóamanna verður haldinn þriðjudaginn 22. mars í Félagslundi og hefst hann kl. 13:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem Guðmundur Jóhannesson ábyrgðarmaður nautgripæræktar hjá RML mun flytja erindi um niðurstöður skýrsluhaldsins, nautakostinn o.fl. Allir áhugamenn um nautgripærækt velkomnir. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## UPPSKRIFTARHORNID

Ég þakka Iðunni fyrir áskorunina og verð að segja að mér finnst þetta skemmtileg nýjung í Áveitunni. Uppskriftin sem ég ætla að deila með ykkur fann ég á [www.eldhussogur.com](http://www.eldhussogur.com) og er þar kallað *Pönnukaka með nautahakki*. Það er alltaf til nautahakk í frysti hjá okkur og finnst mér gaman að elda það á nýjan hátt. Svo rennur þessi réttur einnig einstaklega ljúft ofan í börnin. ☺

### Pönnukaka:

- 2,5 dl hveiti
- 6 dl mjólk
- 3 egg
- 1 tsk lyftiduft
- ½ tsk salt

### Hakkfylling:

- 500 g nautahakk
- 1 rauðlaukur, saxaður smátt
- 1 hvítlauksrif, pressað
- 250 g sveppir, sneiddir
- 3 msk chilísósa (t.d. Heinz chili sauce)
- 1/2 msk sojasósa
- 1/2 msk balsamik edik
- 1 dl sýrður rjómi eða rjómaostur
- 1-2 tsk oregano
- 1/2 tsk nautakraftur
- salt og pipar
- ca. 150 g rifinn ostur
- Smjör og/eða olía til steikingar

Ofn hitaður í 225 gráður. Hveiti og salt sett í skál og um það bil helmingnum af mjólkinni hrært út í þar til deigið verður slétt. Þá er restinni af mjólkinni bætt við og að síðustu er eggjum bætt út í, einu í senn. Deiginu hellt í ofnskúffu með bökunarpappír ofan í og bakað við 225 gráður í ca. 25 mínútur.

Laukur er steiktur á pönnu þar til hann hefur mýkst, þá er sveppum og hvítlauki bætt út á pönnuna og steikt í stutta stund í viðbót. Því næst er hakkið sett á pönnuna og allt steikt. Að lokum er chili sósu, sojasósu, balsamediki og sýrðum rjóma eða rjómaosti bætt á pönnuna og allt kryddað eftir smekk. Látið malla í 5-10 mínútur við vægan hita. Rétt áður en hakkið er tilbúið er rifna ostinum bætt út í. Þá er hakkinu dreift yfir pönnukökuna og henni rúllað upp. Borið fram með salati. Verði ykkur að góðu.

Ég ætla að skora á Heimi Rafn Bjarkason í Árprýði að koma með næstu uppskrift.

Mareike Schackt

## **Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk, skólaárið 2015-2016.**

**Þjósárveri fimmtudaginn 3. mars kl. 14:00.**

Raddir, samtök um vandaðan upplestur og Skóla- og Velferðarþjónusta Árneshöfn bjóða þér að koma á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar 2016.

### **Dagskrá:**

- Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri í Flóahreppi flytur ávarp.
- Á hátíðinni munu nemendur í 7. bekk sem valdir hafa verið úr Bláskógaskóla Reykholti, Bláskógaskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla, Flúðaskóla, Þjósárskóla og Flóaskóla lesa svipmyndir úr skáldverki og ljóð. Skáld keppninnar í ár eru Bryndís Björgvinsdóttir og Guðmundur Böðvarsson.
- Tónlistaratriði frá Flóaskóla.
- Veitingar
- Formaður dómnefndar afhendir öllum lesurum viðurkenningu og þrjár bestu fá verðlaun.

**Allir velkomnir!**

### **Aðalfundur Afréttamálafélags Flóa og Skeiða**

Verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 10. mars kl. 20:30. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Afréttamálafélagið hefur unnið að landbótaáætlun fyrir afréttinn og er hún nú tilbúin. Áætlunin verður kynnt á fundinum og er ætlast til að sauðfjárbændur mæti til fundarins og skrifi undir. Þeir sem vilja kynna sér landbótaáætlunina fyrir fundinn geta haft samband við Ara Thorarensen gegnum netfangið [arith@simnet.is](mailto:arith@simnet.is) og fengið hana senda í tölvupósti, einnig verður hægt að nálgast hana á skrifstofu Flóahrepps fram að fundi.

Stjórnin

## **Frá Umf Baldri:**

### **Aðalfundur Umf. Baldurs**

Sunnudaginn 21. febrúar síðastliðinn hélt Ungmennafélagið Baldur aðalfund í Þingborg. Mæting á fundinn var ekki góð en góðar umræður voru á fundinum þrátt fyrir ekki fleiri fundarmenn. Formaður gerði grein fyrir starfinu á árinu 2015 sem var að venju nokkuð líflegt með hápunktum í þorablóti og heimsókn N4 í Einbúa í sumarbyrjun, ásamt páskabingói. Svanhvít gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins. Á árinu 2015 var félagið rekið með um 227 þúsund króna tapi, sem helgast mest af þeirri fjárfestingu sem gerð var í hljóðkerfi sem félagið keypti sér og á. Að öðru leiti stendur reksturinn styrkum velli og átti félagið til að mynda góðar fjárhæðir inn á bókum félagsins um áramót.

Þá var íþróttamaður ársins 2015 hjá Umf. Baldri heiðraður. Sá sem þá nafnbót hlaut að þessu sinni er Stefán Narfi Bjarnason frjálsíþróttamaður. Rúnar Hjálmarsson þjálfari Stefáns lýsir honum þannig: Stefán er fjölhæfur frjálsíþróttamaður, duglegur og jákvæður, þá er hann móttækilegur fyrir leiðbeiningum sem skilar sér í góðum árangri. Stefán hefur æft vel síðasta árið og hefur tekið miklum framförum. Er góður keppnimaður sem skilar sér í jákvæðni á mótum. Þó ekki gangi í fyrsta í fyrsta kasti er engin neikvæðni, heldur hann áfram á jákvæðninni og gerir betur í næstu tilraun.

En eins og áður segir þá mynduðust góðar umræður á fundinum, sérstaklega þó um þá tillögu sem sett var fram í fundarboði og hljóðaði svo. „*Aðalfundur Umf. Baldurs haldinn í Þingborg þann 21. febrúar 2016 samþykkir að Umf. Baldur verði lagt niður og eignir þess gangi óskiptar til Umf. Þjótanda í Flóahreppi.*”

Fór svo að þessi tillaga fór í gengum fundinn talsvert breytt enda fólki ekki sama um svæðið í Einbúa sem og þorablótið. Við ofangreinda tillögu var bætt að Umf. Baldur leggur til að þeim peningum sem félagið átti til á bókum um áramót samkvæmt ársreikningi upphæðina eina og hálfu milljón sem skal lögð inn á sérstaka sérmerkta bankabók sem eyrnamerkt er áframhaldandi uppbygginu á svæðinu í Einbúa. Þá var einnig tekin til hliðar fjárhæð sem tryggir þorablóti í Þingborg og áframhaldandi rekstri þess í nýju félagi fjármagn til að reka sig áfram.

Tvær aðrir tillögur voru samþykktar á fundinum. Sú fyrri sneri að formlegum tilfærslum á fjármunum félagsins til Umf. Þjótanda og felur í



sér samþykki aðalfundar til að gjaldkeri Umf. Baldurs hafi leyfi fundar að færa peningarlegar eignir félagsins inn á bankareikninga Umf. Þjótanda. Að lokum var einnig samþykkt eftirfarandi tillaga: „Aðalfundur Umf. Baldurs haldinn í Þingborg þann 21. febrúar 2016 samþykkir að þakka skoðunarmönnum reikninga, stjórnnum og öllum þeim stutt hafa félagið í gegnum tíðina fyrir sitt framlag til félagsins.“

Þessar tillögur voru samþykktar samhljóða af fundarmönnum og var Ungmennafélaginu Baldri þar með slitið eftir nærri 108 ára tilveru.

### **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

**Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri, fimmtudaginn 10. mars kl. 20.00.**

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur, inntaka nýrra félaga
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Skýrsla formanns starfsárið 2015
4. Umræður um skýrslu formanns og samþykkt
5. Reikningar lagðir fram
6. Umræður um reikninga og samþykkt
7. Skýrsla skemmtinefndar
8. Kosningar,
  1. Formannskjör, formaður gefur kost á sér til endurkjörs
  2. Skemmtinefnd, 2 fulltrúar
  3. SSK þing, 1 fulltrúi
  4. skoðunarmaður reikninga, eldri borgara nefnd.
9. Eignarhald á Þjórsárveri, umræður, tillaga.
10. Önnur mál

Nýir félagir eru hjartanlega velkomnir á fundinn til kynningar og/eða inngöngu.

*Kaffikonur: María Hödd í Súluholti, Elfa í Rimum 6, Sólveig á Skúfslæk 2, Ósk í Ástúni, Elín Bjarnveig í Egilsstaðakoti.*

Hlakka til að sjá ykkur  
Sólveig Þórðardóttir formaður

## Skákfréttir:

Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri fór fram í Þingborg 27. febrúar sl. Telft var með 15 mín umhugsunartíma. Þetta var skemmtilegt mót með mörgum óvæntum úrslitum. Mótstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson. Keppendur voru alls 14 frá þremur aðildarfélögum HSK. Okkar krakkar úr Umf. Þjótanda stóðu sig frábærlega og svo fór að Umf. Hekla og Umf. Þjótandi urðu efst og jöfn að stigum, hlutu bæði 20 stig og skiptu milli sín HSK titlinum. Hér er árangur okkar fólks:

### 10 ára og yngri:

1. sæti Guðbergur Davíð Ágústsson 3 vinningar

### 11-13 ára:

1. sæti Sigujón Óli Ágústsson 5,5 vinningar

3. sæti Sigurjón Reynisson 4 vinningar

8. sæti Daði Kolviður Einarsson 2 vinningar

9. sæti Aldís Tanja Söndrudóttir 0 vinningar

### 14-16 ára:

3. sæti Dagur Fannar Einarsson 4,5 vinningar

## Glímufréttir:

### Marín Laufey og Jón Gunnþór bikarmeistarar

Fertugasta og fjórða Bikarglíma Íslands fór fram 27. febrúar 2016 í íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavík. Þjótandi átti tvo keppendur á mótinu sem gerðu sér lítið fyrir og hömpuðu samtals þremur bikarmeisartitlum. Jón Gunnþór Þorsteinsson sigraði í +80 kg flokki unglunga auk þess að hafna í öðru sæti í +90 kg flokki karla. Marín Laufey Davíðsdóttir hampaði bæði bikarmeistartitli í +65 kg flokki kvenna og opnum flokki kvenna.

### Glímuþing

Ársþing Glímusambands Íslands fór fram laugardaginn 27. febrúar í Reykjavík. Glímuráð HSK sendi átta fulltrúa til þingsins og þar af komu fimm þeirra úr röðum Þjótanda en það voru í stafrófsröð: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Jón M. Ívarsson, Marín Laufey Davíðsdóttir, Sigmundur Stefánsson og Stefán Geirsson.

### Mót framundan

19. mars – Grunnskólamót Íslands og sveitaglíma 16 ára og yngri Hvolsvelli

2. apríl - Íslandsglíman Frostaskjólí, Reykjavík.

9. apríl – Héraðsglíma HSK, Laugalandi kl. 13:00.

# Íþróttافرétir

## Héraðsleikar HSK í frjálsum 10 ára og yngri

Héraðsleikar HSK í frjálsum fyrir keppendur 10 ára og yngri verða haldnir í íþróttahúsinu á Flúðum laugardaginn 13. mars nk. og hefst keppni kl. 10:00 á þrautabraut (8 ára og yngri) og kl 11:30 í hefðbundnum greinum (9-10 ára). Áætluð mótslok eru kl. 13:30.

### Keppnisgreinar eru eftirfarandi:

**10 ára piltar og stúlkur:** 30m hlaup, hástökk með atrennu, langstökk án atrennu, kúluvarp, boðhlaup.

**9 ára piltar og stúlkur:** 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast, boðhlaup.

**8 ára og yngri piltar og stúlkur:** Þrautabraut (Krakkafrjálsar): 8-10 stöðvar.

Umf. Þjótandi ætlar að senda fjölmennt lið til keppni og foreldrar eru beðnir um að hafa samband við Árna Geir á netfangið [arni@floaskoli.is](mailto:arni@floaskoli.is) til að skrá keppendur til leiks fyrir fimmtudaginn 10. mars. Allir þátttakendur á mótinu fá verðlaunapening fyrir þátttökuna. Á mótsstað verða nýju Þjótandabolirnir til sölu og gaman væri ef allir krakkarnir í liðinu myndu fá sér bol.

**Meistaramót Íslands í flokkum 15-22 ára** fór fram helgina 27.-28. febrúar. Lið HSK/Selfoss endaði í 4. sæti á mótinu.

Umf. Þjótandi átti einn keppanda í liðinu en það var Stefán Narfi Bjarnason sem keppti í flokki 16-17 ára og er hann þar á yngra ári. Hann stóð sig mjög vel og bætti sig í þremur greinum. Hér er árangur Stefáns á mótinu:

60m hlaup	8,03sek	20. sæti	
Hástökk	1,72m	7. sæti	pb
Langstökk	5,10m	14. sæti	
Þristökk	11,60m	3. Sæti	pb
Kúluvarp 5 kg	11,77m	5. Sæti	pb

Stefán var einnig í silfurverðlaunasveit í 4x200m boðhlaupi

## Góðar plastfötur á góðu verði!

Í eldhúsi H.S.U. fellur til nokkuð af plastfötum sem eru nú til sölu.

5 lítra fata kr. 100,-

10 lítra fata kr. 150,-

20 lítra fata kr. 200,-

20 lítra plastbrúsar undan matarolíu á kr. 200,-

Upplýsingar hjá Þórunni í síma 862 1542

## Pistillinn

Það verður gott þegar vorið kemur, snjórinn fer úr skurðum og hrossin hætt að leita að vorinu. En það er samt yndislegt að búa í Flóanum, hvort sem er sumar eða vetur. Víðáttan mikil og falleg fjallasýn öruggur staður. Enginn þarf að vera með byssuna í hanskahólfinu eða náttborðinu eins og sum staður út í heiminum. Er með eina ferðasögu handa ykkur, þegar ég var unglingur fór ég í ferð til Bandaríkjanna. Ég fannst ég vera rík eftir ferminguna og gæti keypt mér ferð og smá gjaldeyrir. Ekki var það nú auðvelt að kaupa miðann, það þurfti að panta tíma í sendiráðinu og fá síðan áritun. Eitthvað fannst þeim skritið að ég ætlaði ein, en sættust á það að ég átti ættingja úti og fékk ég þá áritun fyrir 90 daga. Síðan var athugað með miða, það voru tvö verð í gangi. Sumarverð og vetraverð, sumarverðið byrjaði eftir fyrstu viku í Júní. Svo ég keypti miða fyrir byrjun Júní fram að vetraverði eftir fyrstu viku í september. Þá var ég keyrð út á flugvöll, kyssti og knúsaði alla áður ég fór. Mamma minnti mig á það að það væri allt öðruvísi í Ameríku og rétti mér innkaupalistann: „Mundu nú eftir að kaupa stofugardínur og ég bið að heilsa öllum.“ Ég hljóp svo yfir flugvöllinn og beint út í vél.

Þegar að ég kom til New York, varð mér um og ó yfir öllum þessum mannfjölda. Auðvitað hrædd, en aðallega um að finna ekki frænku mína. En þetta reddaðist, eins og allt annað íslenskt. En það var satt sem mamma hafði sagt, allt var öðruvísi í Ameríku. Ekkert nema bílar, fólk, ljós, háhýsi og skritinn matur.

Hamborgarar, pítsur, ís með heitri sósu. Mest af tímanum var ég hjá móðursystir minni, manni hennar og þremur börnum, einnig einum hundi og ketti. Varðhundurinn var s.s. sjeffer, en þvílík þvæla sem það var því að ég var algerlega viss um að þetta væri grár úlfur. Úlfurinn var grimmur, urraði og beraði tennur ef einhver reyndi að klappa honum en hann varði fjölskylduna með öllum ráðum.

Um sumarið fór fjölskyldan í frí og fundin var pössun hjá nágrönnum fyrir hundinn og köttinn en talið var best að úlfurinn fylgdi mér til að passa mig og varð úr því að ég fór upp í sveit í New Jersey hjá tengdafaforeldrum frænku minnar og var þar í nokkra daga. Tengdafaðirinn vildi að ég lærði að skjóta úr byssu og var mér kennt að skjóta úr mismunandi rifflum og byssum. Svo kom að því að við fórum niður í New York, þar átti ég að hitta

móðurbróðir minn. Á leiðinni sat úlfurinn fyrir aftan mig alla leiðina og slefaði ofan í hálsmálið á mér og urraði ef ég færði mig. Við vorum komin niður í Bronx um seinnipartinn, þar sem þau áttu lítið hús og meðfram húsinu var himinhár veggur með hrúgu af gaddavír ofan á. Ég hugsaði með að þetta væri nú góð girðing fyrir túnáran en það kom mér á óvart að þetta væri girðing fyrir fólkíð sem var í kringum fangelsið. Um kvöldið var mér sýnt voða fint herbergi þar sem ég átti að sofa, fannst samt reyndar frekar skrítið að það væru rimlar fyrir gluggum. Þegar ég var háttuð kom tengdafaðirinn inn og lét úlfinn til mín, síðan rétti hann mér hlaðna byssu til að setja á náttborðið og sagði: „If someone comes in, you just shoot him.“ Svo fór hann sallarólegur úr herberginu og læsti á eftir sér. Ég sat og starði á úlfinn og byssuna til skiptis, áttaði mig síðan á því að ég gæti nú alltaf skotið úlfinn ef hann ætlaði að reynda að éta mig. Loks sofnaði ég, lifðum ég og úlfurinn af nóttina. Áður en ég fór heim í september vorum við orðnir ágætis vinir. Þegar heim var komið fann ég hvað frelsið og náttúran átti betur við mig heldur en stórborgarlífið. Skora síðan á Malin Vidarsson á Tindum að skrifa næsta pistil.

Hafðís Örvar

#### AUKAVINNA - HEIMILISÞRIF

FJÓRAR FJÖLSKYLDUR Í LANGHOLTSHVERFINU ÓSKA EFTIR TRAUSTUM

AÐILA TIL ÞESS AÐ TAKA AÐ SÉR VIKULEG ÞRIF Á HEIMILUM.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA INGUNN Í SÍMA 858-5069 EÐA HRAFNHILDUR

866-9296

#### Köttur í óskilum

Svört ung læða með græna ól er í óskilum í Selparti.

Inni- og útiköttur, vön börnum.

4863398 eða 6996566, kveðjur Nicola.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## **Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps**

Verður haldinn í Þjórsárverri miðvikudagskvöldið 16. mars kl. 20:30. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin unnið að því að sameina búnaðarfélög innan hreppsins og mun verða skýrt frá þeim viðræðum á fundinum. Félagsmenn eru hvattir til að mæta vel og taka þátt í umræðum um þessi mál.

Stjórnin

### **Hrossaræktarfélagin í Flóahreppi:**

Fyrirhugað er að fara í sameiginlega hrossaræktarferð til höfuðborgarsvæðisins þann 9. apríl 2016, og enda ferðina á Stóðhestaveislunni í Samskipahöllinni sem er á félagssvæði Spretts. Ferðin verður nánar auglýst síðar.

Stjórnirnar.

## **Flóahlaupið 2016**

Flóahlaupið hefst kl. 13:00 við Félagslund laugardaginn 2. apríl. Þetta er í 38. sinn sem hlaupið er haldið en er nú í fyrsta sinn í umsjá Umf. Þjótanda.

Kept verður í 3 km hlaupi stráka og stelpna 14 ára yngri, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri. Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku.

Skráningargjald 1.000 kr fyrir 14 ára og yngri og 2.500 kr fyrir 15 ára og eldri. Hægt er að skrá sig í hlaupið á hlaup.is og svo einnig á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSI á staðnum. Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt. Eins eru hjálpfúsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins og kaffið. Hafið samband við Árna Geir, Markús eða Guðmundu séuð þið til í að aðstoða eða baka.

Íþróttanefnd

## Feðgar á ferð sumarið 2016 – lumar þú á góðri hugmynd ?

Okkur langar að biðja ykkur um smá aðstoð því við erum að leita að skemmtilegu, jákvæðu og hressu fólki á Suðurlandi og víðar sem gæti komið fram í þætti okkar „Feðgar á ferð“, sem sýndir verða á Stöð 2 í sumar, hver þáttur er um 25 mínútur.

Við vorum með tíu svona þætti í fyrra sumar sem tókust mjög vel og fengu mikið áhorf.

Allar hugmyndir eru vel þegnar, þó ykkur finnist hugmyndin skrýtin eða kjánalega þá getur verið að okkur finnist hún stórsniðug og höfum samband við viðkomandi. Tökur verða í apríl og maí 2016. Nr. 1, 2 og 3, viðmælendurnir þurfa að vera jákvæðir, hressir, skemmtilegir og hafa eitthvað áhugavert fram að færa, ungir sem aldnir, konur sem karlar og allt þar á milli.

Hér er líka kjörið tækifæri á að koma Suðurlandi í sjónvarpið á jákvæðan hátt.

**Best að senda mér tölvupóst ([mhh@stod2.is](mailto:mhh@stod2.is)) ef þið lumið á góðum hugmyndum eða senda mér einkaskilaboð á Facebook (**Magnús Hlynur Hreiðarsson**).**

Með góðri kveðju frá Feðgum á ferð  
Magnús Hlynur Hreiðarsson og Fannar Freyr Magnússon, Selfossi.

## Leikfélag Selfoss sýnir Kirsuberjagarðinn

Leikfélag Selfoss sýnir leikritið Kirsuberjagarðinn eftir Anton Tsjekhov í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar.

Sýningar eru á:

Fimmtudögum kl. 20:00

Föstudögum kl. 20:00

Sunnudögum kl. 20:00

Miðasala er í síma 4822787 og á

[leikfelagsselfoss@gmail.com](mailto:leikfelagsselfoss@gmail.com)

- Sýnt er í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi.

Nánar er hægt að lesa um sýninguna á fésbókinni og á [leikfelagsselfoss.is](http://leikfelagsselfoss.is)

## Skáksett til sölu

Hef til sölu nokkur skáksett sem henta vel fyrir heimilið.

Verð 4500 kr.

Ágúst Valgarð Ólafsson, [agust@agust.org](mailto:agust@agust.org)

## **Páskamessur**

- \* Messað verður í Hraungerðiskirkju kl. 11:00 á páskadag.
- \* Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14:00 á páskadag. Prestur er Sr. Kristján Björnsson, organisti Haukur Gíslason.
- \* Messað verður í Villingaholtskirkju kl. 11: 00 á annan í páskum.

## **Dagskrá mánaðarins**

Stóra upplestrarkeppnin í Þjórsárveri	3. mars
Glímuæfing	3. mars
Aðalfundur Umf. Þjótanda	6. mars
Skákæfing	8. mars
Glímuæfing	10. mars
Aðalfundur Afréttamálafélagsins	10. mars
Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	10. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	10. mars
Héraðsleikar HSK í frjálsum	13. mars
Skákæfing	15. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	16. mars
Glímuæfing	17. mars
Páskaeggjaskákmót	19. mars
Grunnskólamót Íslands og sveitaglíma	19. mars
Páskabingó	22. mars
Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna	22. mars
Páskamessa í Hraungerðiskirkju	27. mars
Páskamessa í Gaulverjabæjarkirkju	27. mars
Páskamessa í Villingaholtskirkju	28. mars
Skákæfing	29. mars
Glímuæfing	31. mars
Flóahlaupið	2. apríl
Kvöldvaka kvenfélaganna	7. apríl

